

Kirkjuþing 2020-2021.

22. mál-þskj. 22

T I L L A G A

til þingsályktunar um stofnun starfshóps til að skilgreina þörf fyrir presta og djákna vegna vígðrar grunnþjónustu þjóðkirkjunnar á landsvísu.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af: Gísli Jónassyni, Hjalta Hugasyni,
Hreini Hákonarsyni, Steindóri R. Haraldssyni.
Frsm. Hreinn Hákonarson.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að stofnaður verði þriggja manna starfshópur er skilgreini þörf fyrir presta og djákna í grunnþjónustu í öllum prófastsdæmum landsins.

Starfshópurinn starfi í samráði við biskup Íslands og njóti aðstoðar starfsfólks á biskupsstofu eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa. Þá verði leitað álits prófaste varðandi aðstæður í prófastsdæmum þeirra.

Starfshópurinn skili skýrslu til kirkjuþings 2022. Á grundvelli hennar marki kirkjuþing starfsmannastefnu þjóðkirkjunnar auk þess sem skipting landsins í starfseiningar, prestaköll og/eða samstarfssvæði verði endurskoðuð eftir því sem við á.

Vinna þessi skal ekki koma í veg fyrir að einstakar breytingar verði gerðar á starfseiningum og/eða mönnun í þeim þegar í stað eða meðan á ofangreindri vinnu stendur.

Greinargerð:

Samkvæmt 1. mgr.3. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 ber henni að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni. Með þessu er í fyrsta sinn kveðið á um að það sé lagaleg skylda þjóðkirkjunnar að þjóna samfélaginu með þessum hætti. Í sömu grein segir að bæði prestar og djáknar skuli gegna hinni vígðu þjónustu. Af þessum sökum er brýnt að þörf þjóðkirkjunnar fyrir presta og djákna verði skilgreind og í framhaldinu verði mörkuð starfsmannastefna sem nær til beggja hópanna sem og að skipting landsins í

starfseiningar, prestaköll eða annars konar samstarfssvæði verði löguð að nútímaaðstæðum í landinu.

Hingað til hafa prestar einir þegið laun af gagngjaldi því sem ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlega vegna yfirtöku þess á kirkjujörðum 1907 og 1997. Djáknar hafa á hinn bóginn almennt verið launaðir af sóknum þeim, stofnunum eða félagasamtökum sem ráðið hafa þá til starfa. Samkvæmt viðbótarsamningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um endurskoðun á fyrra samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar sem undirritaður var 6. september 2019 er ekki lengur grundvöllur fyrir að gera þennan mun enda var það sameiginleg stefna beggja aðila samningsins að auka sjálfstæði þjóðkirkjunnar í starfsmannamálum sínum eins og fram kemur í inngangsorðum samningsins. Þá kemur fram í 1. gr. að gagngreiðsla ríkisins til þjóðkirkjunnar er óháð fjölda biskupa, prófata, presta og annarra starfsmanna. Þá segir í 3. gr. að þjóðkirkjan ákveði sjálf fjölda starfsmanna sinna sem og að kirkjuþing setji nánari starfsreglur um nýtingu greiðslna samkvæmt samningnum.

Í nútímasamfélagi eru áskoranir þær sem þjóðkirkjan mætir á vettvangi vígðrar þjónustu mun fjölbreyttari en gerðist áður fyrr. Reynir m.a. mjög á að kirkjan haldi úti ýmiss konar fræðslu- og kærleiksþjónustu eins og kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr laga nr. 77/2021 (þjóðkirkjulaganna). Þessu ákvæði laganna verður best mætt í blönduðum starfshópum presta og djákna úti í hinum einstöku starfseiningum kirkjunnar. Mikilvægt er að þjóðkirkjan nýti sér það svigrúm sem viðbótarsamningurinn frá 2019 opnar og marki sér starfsmannastefnu sem rúmar bæði presta og djákna. Skilgreining á þörf kirkjunnar fyrir presta og djákna til að mæta þörf landsmanna fyrir vígða þjónustu er nauðsynlegur undanfari þeirrar stefnumörkunar.

Í störfum sínum þarf hópurinn að setja fram viðmið sem gengið verður út frá í áætlun hans (fólksfjölda, dreifingu í búanna um prófastsdæmið, vegalengdir) og horfa til þeirra sem og þeirra fjármuna sem úr er að spila til launagreiðslan og annarra greiðslan vegna starfanna.

Fylgiskjal.

Kostnaðaráætlun

Nefndarstörf.

1. Kostnaður við 2 þriggja manna fundi í Rvík 2 vinnudagar

Fundir 3 menn kr. 10,141 x 3 x 2 fundir

kr. 60,846

Umfram 3 menn kr. 3,380 5 klst. x 3 menn x 2 dagar

kr. 101,400

2. Kostnaður við 8 þriggja manna fjarfundi c:a 3 klst. Fjarfundir 3 menn x 10,141 = x 8 fundir	kr. 243,384
3. Vinna milli funda 100 klst. x 3,380	kr. 338,000
4. Aðkeypt þjónusta	kr. 50,000
5. Annar kostnaður (ferðakostnaður, flug og fæði	
Flug fyrir einn x 2 ferðir	kr. 60,000
Fæðispeningar 3 menn kr. 6,450 í 2 daga	kr. 38,700

Samtals	kr. 892,330